

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

**Efni: Gjaldskrá Reykjavíkurborgar fyrir akstursþjónusta fatlaðs fólks í Reykjavík. Álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 11617/2022.**

### **Forsaga:**

Álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 11617/2022 lýtur að kvörtun einstaklings á ákvörðun Reykjavíkurborgar um synjun á umsókn um tímabilskort vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks með vísan til þess að gjaldskrá sveitarfélagsins gerði ekki ráð fyrir slíkum kortum eða eftir atvikum magnafslætti. Úrskurðarnefnd velferðarmála hafði staðfest ákvörðun borgarinnar í málinu og í framhaldinu kvartaði hlutaðeigandi einstaklingur til umboðsmanns Alþingis.

Álit umboðsmanns í málinu er að úrskurður úrskurðarnefndar velferðarmála í málinu hafi ekki verið í samræmi við lög, eða nánar tiltekið að gjaldskrá Reykjavíkurborgar hafi ekki verið í samræmi við lokamálslið 3. mgr. 29. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, en þar er kveðið á um að sveitarfélögum sé heimilt að innheimta gjald fyrir akstursþjónustu samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórnir skuli setja og skuli gjaldið vera sambærilegt gjaldi fyrir almenningssamgöngur á viðkomandi svæði. Af þeim sökum beinir umboðsmaður Alþingis þeim tilmælum til úrskurðarnefndarinnar að hún taki umrætt mál kvartandans fyrir að nýju. Úrskurðarnefnd velferðarmála hefur ákveðið að taka upp málið að nýju með hliðsjón af álitum umboðsmanns og hefur sent Reykjavíkurborg beiðni um nýja greinargerð. Þá var á fundi aðgengis- og samráðsnefndar borgarinnar í málefnum fatlaðs fólks, sem haldinn var þann 4. maí 2023, lagt fram álit umboðsmanns Alþingis varðandi gjaldskrá Reykjavíkurborgar fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks. Aðgengis- og samráðsnefnd vísar þeirri beiðni nefndarinnar til velferðarráðs að gjaldskráin verði endurskoðuð með það í huga að fatlað fólk greiði ekki umtalsvert meira fyrir að komast leiðar sinnar heldur en notendur almenningssamgangna líkt og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga kveða á um, sbr. álit umboðsmanns Alþingis.

### **Greinargerð:**

Um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk gilda reglur fyrir sameiginlega akstursþjónustu við fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu nr. 645/2020 auk gjaldskrár um akstursþjónustu fatlaðra nr. 1311/2022. Reglur þessar og gjaldskrá eru settar skv. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum, auk laga um um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Einnig er stuðst við leiðbeiningar félagsmálaráðuneytisins fyrir sveitarfélög um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.

Í álitum umboðsmanns Alþingis í máli nr. 11617/2022 kemur fram eftirfarandi mat umboðsmanns

Gjaldskrá Reykjavíkurborgar fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks tryggir ekki með fullnægjandi hætti að gjald fyrir þjónustuna sé sambærilegt gjaldi fyrir almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu líkt og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga kveða á um. Fram kom í kvörtun að umsókn um tímabilskort vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks hefði verið synjað því ekki væri gert ráð fyrir slíkum kortum



eða magnafslætti í gjaldskrá sveitarfélagsins. Umboðsmaður bendir í álitinu á að löggjafinn hafi tekið sérstaka afstöðu til gjaldtöku fyrir þessa þjónustu og vísað þar til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Eftir því sem unnt sé eigi að gera fötluðu fólki kleift að fara sinna ferða þegar og með þeim hætti sem það kjósi og á viðráðanlegu verði. Ekki sé því nóg að miða gjald fyrir þessa þjónustu við gjaldskrá fyrir almenningssamgöngur ef fatlað fólk greiði í raun umtalsvert meira en aðrir til að komast leiðar sinnar sem virðist raunin.

Notendur akstursþjónustu fatlaðs fólks njóta þjónustu sem er sérhæfð. Notendur eru sóttir og keyrðir heim að dyrum, geta pantað þjónustuna þegar þeim hentar, sérútbúnir bílar eru nýttir, auk þjónustu leigubíla og fleira. Kostnaðurinn við akstursþjónustuna er því eðlilega hærri en við aðrar samgöngur.

Námsmenn sem nýta akstursþjónustu fatlaðs fólks geta keypt tímabilskort en það hefur ekki staðið öðrum notendum akstursþjónustunnar til boða. Verð á nemakortum í akstursþjónustunni er kr. 45.000. Nemakortin eru á sama verði fyrir notendur akstursþjónustunnar og ófatlaða notendur Strætó sem eru í framhalds eða háskólanámi.

Öryrkjar geta keypt 30 daga kort í Strætó á kr. 2.700,- og árskort í Strætó á kr. 27.000,-. Í Reykjavík greiða 544 notendur akstursþjónustunnar hærra gjald á ári en sem nemur kostnaði við árskort öryrkja í Strætó. Ef þessum einstaklingum stæði til boða tímabilskort með sömu kjörum og aðrir öryrkjar væri kostnaður Reykjavíkurborgar um 47 milljónir á ári.

Taflan hér fyrir neðan sýnir samanburð á tekjum Strætó miðað við óbreytt fyrirkomulag í akstursþjónustu fatlaðs fólks og ef boðið væri upp á tímabilskort. Byggt er á upplýsingum fyrir árið 2022.

	Fjöldi einstaklinga	Ferðafjöldi	Tekjur miðað við óbreytta stöðu	Tekjur af árskortum	Mismunur
Garðabær	28	11.052	3.149.820	756.000	2.393.820
<b>Reykjavík</b>	<b>544</b>	<b>192.749</b>	<b>61.679.680</b>	<b>14.688.000</b>	<b>46.991.680</b>
Mosfellsbær	53	18.161	4.976.114	1.431.000	3.545.114
Seltjarnarnes	10	3.081	887.328	270.000	617.328
	<b>635</b>	<b>225.043</b>	<b>70.692.942</b>	<b>17.145.000</b>	<b>53.547.942</b>

Pant akstursþjónusta sér um stærsta hluta akstursþjónustunnar fyrir hönd Strætó en einnig er þjónustusamningur við Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra, sem sér um akstur þeirra sem eru lögblindir.

Gjaldskrá velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks tiltekur hvað greiða ber fyrir hverja ferð með akstursþjónustunni.

Ekki er gert ráð fyrir tímabilskortum í ofangreindri gjaldskrá velferðarsviðs um akstursþjónustu né heldur í reglum fyrir sameiginlega akstursþjónustu fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu nr.



645/2020, ef tekin verða upp tímabilskort mun það leiða til aukins kostnaðar allt að 50. m.kr. á ári.

Skrifstofa málefna fatlaðs fólks á velferðarsviði telur æskilegt að gjaldskrár vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks verði endurskoðaðar m.t.t. þess að samræma gjaldskrár og vinna að því að fatlað fólk geti nýtt sér tímabilskort í akstursþjónustunni.

Fylgiskjöl:

Álit umboðsmanns í máli nr. 11617/2022

Gjaldskrá akstursþjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík: <https://reykjavik.is/gjaldskra-aksturtjonusta-fatlads-folks>

Leiðbeiningar félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins um akstursþjónustu fatlaðs fólks

Reglur um akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu

Erindi aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks vegna álits umboðsmanns Alþingis um gjaldskrá fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks